

Þriðjudaginn 17. janúar 1995.

Nr. 8/1995.

Rögvaldur Finnbogason

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Bjarna Einarssyni

og Prestssetrasjóði

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

og til réttargæslu

Erni Erlendssyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Aðild. Ábúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands, upp kveðinn 1. desember 1994, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins og Bjarna Einarssonar.

Varnaraðilarnir íslenska ríkið og Bjarni Einarsson krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Prestssetrasjóður og Örn Erlendsson hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur höfðað mál þetta til að leita viðurkenningar á veiðiréttindum í Staðará, sem hann telur fylgja prestssetursjörðinni Staðastað, en þar situr hann sem ábúandi. Hefur sóknaraðili staðið að málinu í eigin nafni. Í hinum kærða úrskurði er sá annmarki talinn vera á málshöfðun sóknaraðila, að vegna 2. gr. laga nr. 137/1993

um prestssetur fari hann ekki með fyrirvar þeirra réttinda, sem hann leitar viðurkenningar á með aðalkröfu sinni um efnishlið málsins. Var aðalkröfunni vísað frá dómi af þeim sökum. Þótt lagaákvæði þetta leiddi til þess skorts á heimild handa sóknaraðila, sem hér um ræðir, varðar það ekki að réttu lagi frávísun málsins, enda veldur aðildarskortur sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Verður aðalkröfu sóknaraðila því ekki vísað frá dómi af þeirri ástæðu, sem byggt er á í hinum kærða úrskurði.

Í kæru og greinargerð til Hæstaréttar lætur sóknaraðili þess getið, að Prestssetrasjóði hafi ekki verið stefnt í málinu til réttargæslu, heldur til að þola dóm, en þetta virðist hann taka fram til andsvara þeim rökum, sem byggt er á í hinum kærða úrskurði við frávísun varakröfu hans. Um stöðu Prestssetrasjóðs í málinu er héraðsdómsstefna engan veginn svo skýr sem þörf er á. Verði fallist á það með sóknaraðila, að efniskröfum hans í málinu, þar á meðal aðalkröfu hans, sé beint að Prestssetrasjóði, felur málsókn sóknaraðila í sér, að hann krefjist, að þessum aðila verði með öðrum gert að þola dóm um rýmkun á þeim réttindum, sem heyra til jörðinni Staðastað, en hún er eign þess sama aðila. Er málsókn í því horfi andstæð meginreglum réttarfars. Verður þegar af þessari ástæðu svo og vegna óskýrleika um þá stöðu, sem sóknaraðili hefur ætlað Prestssetrasjóði í málinu, að vísa því í heild sinni frá dómi.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Rögnvaldur Finnbogason, greiði varnaraðilum, íslenska ríkinu og Bjarna Einarssyni, 40.000 krónur hvorum í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 1. desember 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu 8. nóvember sl., er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Vesturlands með stefnu, þingfestri 9. mars 1994, af Rögnvaldi

Finnbogasyni, sóknarprestí að Staðastað, Staðarsveit, kt. 151027-2299, á hendur Halldóri Blöndal landbúnaðarráðherra, kt. 240838-4359, Hamra-gerði 29, Akureyri, f. h. íslenska ríkisins vegna landbúnaðarráðuneytisins, Bjarna Einarssyni bónda, kt. 260257-4639, Tröðum, Staðarsveit, Guðmundi Þór Guðmundssyni, kt. 130362-3039, Drápuhlíð 47, Reykjavík, formanni Prestssetrasjóðs, kt. 530194-2219, Suðurgötu 22, Reykjavík, f. h. sjóðsins og Erni Erlendssyni, kt. 060135-2669, Kleifarási 4, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að allur veiðiréttur í Staðará, Staðarsveit, fylgi jörðinni Staðastað, Staðarsveit, og að ábúanda á jörðinni Tröðum, Staðarsveit, á hverjum tíma sé óheimilt að nýta veiði í ánni með nokkrum hætti.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi byggi jörðina Staðastað með öllum veiðirétti í Staðará fyrir landi Staðastaða, eins og það er afmarkað í landskiptunum frá 1939 og 1941, og að sá réttur útiloki rétt ábúanda Traða til að veiða í ánni.

Stefnandi krefst þess, að lagt verði bann við því með dómi, að stefndu Bjarni og landbúnaðarráðuneytið nýti með nokkrum hætti veiði í Staðará á austurbakka árinna frá girðingu við Vaðtanga og til sjávar, en viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi rétt til veiða á því svæði við ána.

Á hendur stefnda Erni eru ekki gerðar kröfur, en skorað á hann að taka undir kröfur stefnanda og veita honum styrk í málinu. Sömuleiðis er skorað á Prestssetrasjóð að taka undir kröfur stefnanda og veita honum styrk í málinu.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu og virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Ekki er gerð málskostnaðarkrafa á hendur Prestssetrasjóði og stefnda Erni.

Stefndi íslenska ríkið krefst aðallega frávísunar málsins og að stefnda íslenska ríkinu verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst stefndi íslenska ríkið sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi Bjarni Einarsson krefst aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts á málskostnað. Verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina, krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Eins og að framan greinir, var mál þetta flutt um frávísunarkröfu stefndu, og er sá þáttur einungis til úrlausnar hér.

Stefndi íslenska ríkið styður aðalkröfu sína um frávísun málsins því, að stefnandi málsins fari ekki með fyrirsvaer fyrir prestssetur, sem hann sitji sem ábúandi. Aðalkrafa verði ekki skilin öðruvísi en svo, að hann komi fram sem fyrirvarsmaður sjálfseignarstofnunar, en ekki sem aðili.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 137/1993 um prestssetur sé kveðið á um, að stjórn Prestssetrasjóðs hafi með höndum fyrirsvaer vegna prestssetra. Þar sem fyrirsvaer fyrir Staðastað sé þannig ákveðið með lögum, verði stefnandi ekki talinn fyrirvarsmaður í máli þessu, og beri því að vísa málinu frá dómi samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verði litið svo á, að íslenska ríkið sé ekki eigandi Staðastaðar vísast um sömu málsástæður til 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991.

Verði hins vegar talið, að stefnandi sé með réttu í fyrirsvari fyrir prestssetrið Staðastað, beri þó að vísa málinu frá dómi, þar sem það sé andstætt meginreglu réttarfars að hafa uppi kröfur gegn sama aðila til varnar, þ. e. þeim landsdrottni, sem telji til eignarréttar yfir Staðastað.

Varðandi varakröfu stefnanda mótmælir stefndi því, að stefnandi geti sem ábúandi gert kröfur um réttindi landsdrottins síns gagnvart öðrum jörðum, hvort sem þær snerti veiðirétt eða landamerki. Þar að auki yrði stefnandi að stefna Prestssetrasjóði í dómsmáli, ef hann vildi fá skorið úr um ábúðarrétt sinn gagnvart landsdrottni, að því er varði Staðastað. Í slíku dómsmáli bresti landbúnaðarráðuneytið vald til þess að vera í fyrirsvari. Það sé aðeins á valdi Prestssetrasjóðs að gera slíkar kröfur í dómsmáli. Gildi einu, hvort stefnandi reki mál þetta í umboði ríkis eða kirkju, þar sem hann sé í hvorugu tilviki bær til þess að svara fyrir kröfur sínar í dómsmáli. Með vísan til þessa geti stefndi íslenska ríkið ekki sætt þeim málatilbúnaði, sem felist í orðum stefnanda í stefnu um aðild Prestssetrasjóðs.

Stefndi kveður kröfugerð stefnanda ekki fullnægja skilyrði d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Kröfur stefnanda séu í þremur liðum, sem allir varði sama atriði, og verði því ekki dómur á þær lagður svo fram settar.

Sá liður dómkrafna stefnanda, sem leiða eigi til þess, að bönnuð verði nýting veiðiréttar af hálfu landbúnaðarráðuneytisins og Bjarna Einarssonar, samrýmist ekki heldur öðrum kröfum málsins, svo að dómur verði á hana lagður sérstaklega. Óljóst sé, hvort sú krafa sé hluti aðalkröfu eða varakröfu.

Kröfu sína um málskostnað reisir stefndi á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Stefndi Bjarni Einarsson styður aðalkröfu sína um frávísun málsins við það, að stefnandi gefi sér þær forsendur, að landamerki jarðarinnar séu þekkt og óumdeild. Stefnandi reyni að leiða að því líkur, að landamörk

liggi hvergi nær en 20 metra og allt að 200 metra frá Staðará. Stefnandi kveður hins vegar, að bændur að Tröðum hafi talið landamörk jarðarinnar vera með bökkum Staðarár. Tún jarðarinnar Traða liggi að Staðará og hafi verið ræktað og nytjað af bændum þar um áratugaskeið. Ef landamerki væru um 200 metra frá Staðará, við syðri mörk árinna við ós, eins og stefnandi vilji halda fram, hafi gömlu fjárhús Traða (rústir) ekki staðið nema að hluta í landi Traða. Slík landnýting hljóti að vera röng.

Stefnandi kveðst standa í góðri trú um, að landamerki séu með bökkum árinna, sbr. lýsingu á leigusamningi. Nauðsynlegt sé því fyrir stefnanda að fá rétt Staðastaðar til umrædds lands staðfestan með dómi, áður en krafist sé veiðiréttar fyrir landinu. Kröfur stefnanda séu því óljósar og ekki dómtæk- ar, eins og þær séu fram settar, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu tók stefndi Bjarni undir öll rök og málsástæður meðstefnda íslenska ríkisins um frávísun málsins.

Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfum stefndu yrði hrundið og sér dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Stefnandi heldur því m. a. fram í þessum þætti málsins, að staðarhaldari eigi veiðirétt í Staðará samkvæmt landskiptagerðum frá 1939 og 1941 og geti höfðað dómsmál því til viðurkenningar, enda sé ekki verið að krefjast dóms um landamerki. Stefnandi vitnar jafnframt til þess, að samkvæmt 29. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 eigi hann sóknaraðild í máli þessu. Þrátt fyrir það að yfirstjórn prestssetra hafi með lögum nr. 137/1993 verið færð frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til Prestssetrasjóðs, hafi það ekki breytt þeirri heimild hans til málshöfðunar.

V.

Um prestssetur landsins gilda nú lög nr. 137/1993. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að lögin séu sett til þess að taka af öll tvímæli um, að sérstakar reglur og sjónarmið gilda um prestssetur. Með lögum þessum var stofnaður sérstakur sjóður, prestssetrasjóður, sem annast á stjórnsýslu og rekstur prestssetra. Í 2. gr. laga 137/1994 er mælt fyrir um, að sjóðurinn fari með yfirstjórn prestssetra og hafi fyrirvar þeirra vegna. Felur það í sér fyrirvar í dómsmáli, eins og fram kemur í athugasemdum um 2. gr. í frumvarpi að lögum þessum.

Auk þess getur ábúandi ekki, í þessu tilviki staðarhaldari, gert kröfu um tilheyrslu veiðiréttar, sem eru eignarréttindi.

Samkvæmt framansögðu fer stefnandi ekki með fyrirvar þeirra réttinda, sem felast í aðalkröfu hans. Ber því að fallast á kröfu stefndu um frávísun aðalkröfu.

Varakrafa stefnanda er um viðurkenningu á því, að hann byggi jörðina Staðastað með öllum veiðirétti í Staðará fyrir landi Staðastaða, eins og það er afmarkað í landskiptum frá 1939 og 1941, og að sá réttur útiloki rétt ábúanda Traða til að veiða í ánni.

Samkvæmt framansögðu um lögbundið fyrirvar prestssetrasjóðs verður varakröfu einungis beint að stjórn sjóðsins. Í málinu hefur stefnandi engar kröfur uppi á hendur prestssetrasjóði, en skorar á hann að veita sér styrk í málinu. Verður að líta svo á, að sjóðnum hafi með því verið stefnt til réttargæslu skv. 21. gr. laga nr. 91/1991. Sótt var þing af hálfu réttargæslustefnda, prestssetrasjóðs, við þingfestingu málsins, en síðar féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að hann hefði uppi kröfur í málinu. Prestssetrasjóður gerðist því ekki aðili að málinu, og ber að vísa kröfu þessari frá dómi.

Stefnandi krefst og, að bönnuð verði veiði af hálfu landbúnaðarráðuneytisins og Bjarna Einarssonar í Staðará á austurbakka árinna frá girðingu við Vaðtanga og til sjávar, en viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi rétt til veiða á því svæði við ána.

Eins og krafa þessi er sett fram, verður að telja, að í henni felist sömu kröfur og gerðar eru í aðal- og varakröfu stefnanda. Eiga því við sömu rök um hana og tilgreind eru um aðalkröfu og varakröfu hér að framan, og ber því einnig að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa máli þessu frá dómi.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda Bjarna Einarssyni 80.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Úrskurðinn kváðu upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari, Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari og Eggert Óskarsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Rögnvaldur Finnbogason, greiði stefnda Bjarna Einarssyni 80.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.
